

BORGARRÁÐ 1. september 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fylgigögn með ársfjórðungsyfirliti húsnæðisáætlunar – MSS22090006

Lagt er til að fjöldi þeirra sem eru á biðlista eftir húsnæði hjá Reykjavíkurborg fylgi með þegar ársfjórðungsyfirlit húsnæðisáætlanna eru lögð fram. Yfirlitið tilgreini hvað manneskjurnar hafi beðið lengi, hvernig húsnæði sé verið að bíða eftir, fjölskyldusamsetningu þeirra sem eru á biðlistum og einnig verði sett fram yfirlit um hvað það sé ætlast til þess að þau bíði lengi.

Greinargerð:

Húsnæðisáætlun verður að ná utan um okkar öll og þegar litið er til biðlista Reykjavíkurborgar eftir húsnæði má sjá að þörfin er mikil. Þann 31. ágúst eru 607 skráð á biðlista eftir almennu félagslegu húsnæði. Nýjustu tölur vegna fjölda umsækjenda á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk telja 135. 61 bíða eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir og 129 eru á bið eftir þjónustuíbúð aldraða. Samtals er um að ræða 932 umsóknir og þá eru ótaldar umsóknir vegna milliflutnings í húsnæði sem hentar betur þörfum fólksins og fjölskyldnanna.